

Fundur:	Aðalfundur VFÍ 2026
Fundartími:	Þriðjudaginn 12. maí 2026, kl. 17:00
Fundarstaður:	Engjateigur 9 – Reykjavík (Streymt var frá fundinum).

Fundargerð

1. Setning

Helgi Gunnarsson, formaður VFÍ setti fundinn. Eiríkur Þorbjörnsson var kjörinn fundarstjóri og lýsti hann fundinn lögmætan. Sigrún S. Hafstein var kjörin fundarritari.

2. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári

Helgi Gunnarsson formaður VFÍ flutti skýrslu stjórnar og er hún birt í ársskýrslu félagsins sem er aðgengileg á vef VFÍ og prentuð út og til afhendingar á skrifstofu VFÍ.

3. Reikningar félagsins

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ gerði grein fyrir reikningum félagsins. Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarafgangur ársins tæpum 152 mkr. en rekstrartekjur námu rúmum 395 mkr. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu tæpum 1.001 mkr. en heildarskuldir rúmum 50,9 mkr. á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um rúmar 950 mkr. í árslok. Veltufjármunir í árslok voru rúmum 950 mkr. hærri en skammtímaskuldir.

Fundarstjóri bauð upp á fyrirspurnir en engar komu fram.

4. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ fór yfir rekstur Félagssjóðs VFÍ, rauntölur og áætlun 2025. Tók fram að óvissa væri alltaf um stjóra liði eins og sérfræðiþjónustu við félagsmenn.

- Ólafur Sverrisson spurði um launaliðinn, af hverju hann væri lægri en í áætlun. Árni sagði skýringuna þá að ekki hafi orðið af fjölgun starfsmanna eins og gert hafi verið ráð fyrir.

Ársreikningur og skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða.

Árni fór því næst yfir áætlun og endurskoðaða áætlun Félagssjóðs VFÍ fyrir árið 2026. Kynnti jafnframt áætlun fyrir Félagssjóð VFÍ 2027 sem gengur út frá því að félagsgjöld verði óbreytt.

Fundarstjóri bauð upp á fyrirspurnir og umræður.

- Arnar H. Halldórsson spurði út í hækkun á stjórnarlausnum og þóknun samninganefnda. Árni vísaði til tillögu stjórnar sem yrði tekin fyrir síðar á fundinum. Þar

er gert ráð fyrir hækkun á þóknunum fyrir störf í þágu félagsins og tillit sé tekið til þess í áætluninni.

Fundarstjóri bar upp tillögu formanns og framkvæmdastjóra um félagsgjöld 2027:

Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands, haldinn þriðjudaginn 12. maí 2026 kl. 17:00 í Verkfræðingahúsi samþykkir að félagsgjöld fyrir árið 2027 verði 3.750 kr. á mánuði eða 45.000 kr. á ári.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Tillögur félagsstjórnar

(Sjá lið 9).

6. Lýst kosningu í stjórnir félagsins

Fundarstjóri tilkynnti niðurstöðu í kjöri til stjórnna félagsins. Sjálfkjörið var í stjórn Kjaradeildar og stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi. Rafræn atkvæðagreiðsla vegna kjörs í aðalstjórn fór fram dagana 5. – 8. maí. Kosið var um einn meðstjórnanda og einn varameðstjórnanda til tveggja ára. Í framboði voru Erlendur Örn Fjeldsted og Arnar H. Halldórsson. Sá sem fékk flest atkvæði er meðstjórnandi, sá em fékk færri atkvæði er varameðstjórnandi. Erlendur hlaut kosningu sem meðstjórnandi, Arnar sem varameðstjórnandi.

Stjórnir félagsins verða skipaðar sem hér segir:

Aðalstjórn VFÍ

Helgi Gunnarsson, formaður.

Bjarki Ómarsson, formaður Kjaradeildar VFÍ.

Gunnar Sigvaldason meðstjórnandi.

Sveinn Ingi Ólafsson, formaður Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi.

Erlendur Örn Fjeldsted meðstjórnandi. *(Nú kosin til tveggja ára).*

Arnar H. Halldórsson, varameðstjórnandi. *(Nú kosin til tveggja ára).*

Birkir Karl Sigurðsson, varameðstjórnandi.

Stjórn Kjaradeildar VFÍ

Bjarki Ómarsson, formaður.

Ásdís Sigurðardóttir, meðstjórnandi. *(Nú kosin til tveggja ára).*

Eypór Helgi Úlfarsson, meðstjórnandi.

Una Guðrún Gautadóttir, meðstjórnandi.

Kristjana Ósk Birgisdóttir, varameðstjórnandi. *(Nú kosin til tveggja ára).*

Ásbjörn Ólafsson, varameðstjórnandi.

Stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Sveinn Ingi Ólafsson, formaður.

Bergþór Þormóðsson, meðstjórnandi.

Stefán Veturliðason, meðstjórnandi.

Jón M. Guðmundsson, varamaðstjórnandi. *(Nú kosin til eins árs).*

7. Kjör endurskoðenda og skoðunarmanna

Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi VFÍ var kjörinn reikningslegur endurskoðandi VFÍ fyrir næsta starfsár.

Eysteinn Einarsson og Kristjana Kjartansdóttir kjörin skoðunarmenn VFÍ til eins ár.

8. Laun formanns og stjórnarmanna

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ gerði grein fyrir þessum lið. Hann sagði tillöguna leiða til kostnaðarauka upp á tæpar 4 milljónir en verið væri að breyta grunni bóknana fyrir störf í þágu félagsins.

Tilagan er eftirfarandi:

Tillaga að launum formanns og stjórnar Verkfræðingafélags Íslands fyrir starfsárið 2026 til 2027

Skv. 9. lið 19. gr (Aðalfundur) skal á aðalfundi félagsins ákvarða laun formanns og stjórnar. Frá samrunafundi VFÍ og SV 2011 hafa laun verið greidd fyrir ábyrgðarstörf fyrir félagið.

Launin eru fyrir allt starfsárið (ekki fyrir hvern mánuð þess)

Tillaga: Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands, haldinn þriðjudaginn 12. maí 2026 kl. 17:00 í Verkfræðingahúsi samþykkir að:

- Laun formanns verði kr. 1.800.000 (40 * félagsgjald 2026).
- Laun varaformanns verði kr. 585.000 (13 * félagsgjald 2026).
- Laun formanns Kjaradeildar verði kr. 1.305.000 (29 * félagsgjald 2026).
- Laun formanns Sjálfstætt starfandi og stjórnenda verði kr. 180.000 (4 * félagsgjald 2026)
- Laun formanns Menntamálanefndar verði kr. 2.025.000 (45 * félagsgjald 2026).
- Fyrir stjórnarsetu í Engineers Europe og vinnu í stýrihóp verkefnis Engineers for Europe (E4E) eru greiddar kr. 900.000 (20 * félagsgjald 2026)
- Laun stjórnarmanna aðalstjórnar (einnig varamaðstjórnenda) verði kr. 270.000 (6 x félagsgjald 2026); þó þannig að greiðsla miðast við mætingu á stjórnarfundi 10x/ár. Við forföll lækkar greiðslan um kr. 27.000/fund.
- Laun stjórnarmanna kjaradeildar (einnig varamaðstjórnenda) verði kr. 180.000 (4x félagsgjald 2026); þó þannig að greiðsla miðast við mætingu á stjórnarfundi 10x/ár. Við forföll lækkar greiðslan um kr. 18.000/fund.
- Laun stjórnarmanna deildar Sjálfstætt starfandi og stjórnenda (einnig varamaðstjórnenda) verði kr. 90.000 (2x félagsgjald 2026); þó þannig að greiðsla miðast við mætingu á stjórnarfundi 10x/ár. Við forföll lækkar greiðslan um kr. 9.000/fund.

Fundarstjóri bauð upp á fyrirspurnir.

- Hulda Guðmundsdóttir spurði hvort formaður fái að auki greitt fyrir hvern fund, svo er ekki er heildarþóknun. Árni sagði að nú yrði miðað við mætingu á fundi, áætlaðir væru tíu fundir á ári og talan væri hámark.

- Hulda spurði jafnframt um tilefni til að hækka þóknanir svona mikið. Árni svaraði því þannig að þóknanir hefðu verið mjög lágar og nefndi að þær hefðu tekið mið af félagsgjöldum sem hefðu ekki hækkað síðan 2019. Væri ekki ávísun á að þóknanir myndu hækka svona mikið á næstu árum, nú væri náð ákveðinni sanngjarnri grunnstöðu.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

9. Laga- og reglugerðarbreytingar

Helgi Gunnarsson fylgdi tillögu um stofnun Kjaradeilusjóðs VFÍ úr hlaði. Hann rakti forsögu málsins og ástæður þess að tillagan er fram komin. Hann sagði málið hafa fengið mikla efnislega umræðu og undirbúning í stjórn.

Tillagan er eftirfarandi ásamt skýringum stjórnar:

Tillaga stjórnar VFÍ um stofnun kjaradeilusjóðs

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands leggur til að stofnaður verði Kjaradeilusjóður Verkfræðingafélags Íslands. Sjóðurinn verði aðeins ætlaður félögum í Kjaradeild VFÍ og aðeins þeir muni koma til með að greiða gjöld til sjóðsins, þegar þau verða innheimt.

Stofnframlag sjóðsins kemur alfarið úr vinnudeilusjóði Stéttarfélags verkfræðinga, sem var lagður niður við sameiningu Verkfræðingafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga. Sjóðnum hefur verið haldið aðskildum frá öðrum fjármunum félagsins til þessa dags. Tillaga stjórnar felur í sér að það verði ekki greidd gjöld í sjóðinn á árinu 2026 og 2027, heldur renni aðeins vaxtatekjur til sjóðsins. Ákvörðun um sjóðsgjöld er á forræði aðalfundar, sbr. 23. gr. laga VFÍ. Ákvörðun um sjóðsgjöld árið 2028 verði tekin á aðalfundi 2027.

Tillagan felur í sér eftirfarandi breytingar á lögum VFÍ:

Við 12. gr. laga verði bætt við nýjum tölul. 8: „8. Stýra Kjaradeilusjóði VFÍ og setja sjóðnum starfs- og úthlutunarreglur, sbr. reglugerð um Kjaradeilusjóð.“

Tillagan felur í sér að Kjaradeilusjóði verði sett eftirfarandi reglugerð:

Reglugerð fyrir Kjaradeilusjóð Verkfræðingafélags Íslands

1. gr. Sjóðurinn heitir Kjaradeilusjóður Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ). Lögheimili hans er að Engjateigi 9, Reykjavík og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn Kjaradeildar VFÍ sem geta ekki stundað vinnu/verða fyrir tekjutapi vegna kjaradeilna félagsins við atvinnurekendur. Þá

er heimilt að greiða úr sjóðnum kostnað vegna kjaradeilna og framkvæmdar vinnustöðvunar, þ.m.t. lögfræðikostnað sem hlýst af ágreiningi um þessi atriði.

3. gr. Félagsmenn í Kjaradeild VFÍ greiða sjóðsgjöld til Kjaradeilusjóðs. Aðalfundur ákveður sjóðsgjöld fyrir næsta almanaksár, sbr. 23. gr. laga VFÍ.

4. gr. Stjórn Kjaradeildar VFÍ fer með stjórn Kjaradeilusjóðs VFÍ og er formaður Kjaradeildar jafnframt formaður sjóðsins. Um sjóðstjórn fer samkvæmt ákvæðum laga VFÍ um stjórn Kjaradeildar.

5. gr. Hlutverk sjóðstjórnar er að annast vörslu og ávöxtun sjóðsins. Stjórnin skal halda gerðarbók og skrá í hana allar greiðslur úr sjóði, framlög til sjóðsins og samþykktir stjórnar.

6. gr. Rétt til greiðslu úr sjóðnum á sérhver félagsmaður VFÍ sem er skráður í Kjaradeild VFÍ, hefur greitt árgjald til VFÍ og er skuldlaus við félagið þegar greiðsla fer fram.

7. gr. Stjórn Kjaradeilusjóðs setur nánari starfsreglur um greiðslur og starfstilhögun, þ.á m. hvenær skuli hefja úthlutun úr sjóðnum, upphæð greiðslna og greiðslutímabil. Úthlutanir skulu taka mið af stærð og eðli viðkomandi kjaradeilu og stöðu sjóðsins hverju sinni. Úthlutunarreglur sjóðsins skulu kynntar fyrir félagsmönnum eigi síðar en við upphaf vinnustöðvunar.

8. gr. Ef stjórn VFÍ veitir til þess sérstakt leyfi getur stjórn Kjaradeilusjóðs tekið lán hjá félagssjóði eða hjá utanaðkomandi lánastofnun. Skilyrði þessa eru að sérstakar ástæður séu til lántöku.

9. gr. Kjaradeilusjóður hefur sérstakan fjárhag. Sjóðstjórn skal gera grein fyrir starfsemi sjóðsins og leggja fram ársreikninga, endurskoðaða af endurskoðendum VFÍ, til samþykktir á aðalfundi VFÍ.

10. gr. Hætti sjóðurinn störfum af einhverjum ástæðum, skal ákvörðun um það, og um ráðstöfun eigna sjóðsins, tekin á aðalfundi VFÍ.

11. gr. Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi VFÍ.

Fundarstjóri bauð upp á fyrirspurnir og umræður.

- Arnar H. Halldórsson ítrekaði að verið væri að taka fjármuni sem hefðu verið til á sérstökum bankareikningi frá því vinnudeilusjóður SV var lagður niður fyrir 17 árum. Í þessu felist ekki aukinn kostnaður og félagsmenn verði ekki rúkaðir um gjald í sjóðinn, að svo stöddu amk.

- Ólafur Sverrisson spurði um hvað væri mikið í sjóðnum. Árni B. Björnsson sagði það vera 44,5 milljónir króna.

- Björk Úlfarsdóttir spurði um hversu hátt hlutfall félagsmanna væri utan kjarasamninga, þ.e. gerðu einstaklingasbundna ráðingarsamninga. Árni sagði það vera um helming félagsmanna. Sagði jafnframt að boðun vinnustöðvunar væri flókið mál

gagnvart þeim sem eru t.d. á ótímabundnum réttindasamningi SA. Þurfi að ræða og skoða með lögfræðingum hvernig verði útfært.

- Arnar H. Halldórsson rakti afhverju málið hafi komið upp en það hafi verið í tengslum við afar erfiðar kjarasamningsviðræður þar sem SA, Efling og VR í broddi fylkingar hafi lagt línuna fyrir allan markaðinn. Væri óásættanlegt fyrir háskólamenntaða.

- Björk Úlfarsdóttir spurði Helga hvað hann ætti við með að málið hefði rammast inn með þessu hætti. Hann vísaði til samnings SA við stærstu stéttarfélagin og hvernig ekki hefði verið hægt að hvika frá þeirri línu sem þar var lögð, svokallað „merki markaðarins“.

- Björk sagði það sína skoðun að þau sem eru á einstaklingsbundnum ráðningarsamningi eigi ekki að greiða í kjaradeilusjóð. Stofna eigi deild fyrir þennan hóp. Helgi ítrekaði að ekki væri yrðu greidd gjöld í sjóðinn, það yrði fyrst ákveðið 2027. Fram að þeim tíma yrði unnið að því m.a. að skoða stöðu einstakra hópa innan félagsins.

Leynileg atkvæðagreiðsla fór þannig að 17 sögðu já, nei sögðu tveir og þrír seðlar voru auðir.

Tillagan var því samþykkt en við lagabreytingar þarf 2/3 hluta atkvæða.

10. Önnur mál

Enginn tók til mál undir þessum lið.

Formaður þakkaði fundargestum fyrir komuna.

Fundi slitið 18:30.